

Veiðifélag Laxár og Krákár
Hofi
660 Mývatn



UMHVERFISSTOFNUN

AFRIT

Mývatnssveit 26. júlí 2016
UST201607-018/D.Ö.H.
09.07.01

Efni: Umsókin um framkvæmdarleyfi - Vatnsból á Hofstaðaheiði - vatnslögn

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Veiðfélags Laxár og Krákár í Mývatnssveit vegna framkvæmda við lagningu vatnslagnar, dagssett 3. júlí 2016. Vatnslögnin mun liggja tæplega 80 metra innan svæðis sem fellur undir lög nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu en vatnsbólið er utan friðlýsta svæðisins. Samkvæmt 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu skal leita leyfis Umhverfisstofnunar vegna hvers kyns framkvæmda á svæðinu og skal stofnunin jafnfram leita umsagna Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ) fyrir útgáfu framkvæmdaleyfa.

Lýsing framkvæmdar

Veiðfélag Laxár og Krákár stefnir á að leiða lindarvatn úr Hofstaðaheiði um 600 metra leið að veiðiheimilinu Hofi sem stendur um 130 metra frá bakka Laxár í Mývatnssveit. Lögnin mun liggja tæplega 80 metra inn fyrir svæði sem heyrir undir lög um verndun Mývatns og Laxár. Lögnin verður plægð niður með vinnuvélum, styðstu mögulegu leið með tilliti til hæðar lands en vatnið verður sjálfrennandi. Framkvæmdaraðili heitir því að lagfæra ummerki framkvæmdarinnar eins og kostur er, slétta sárið og planta gróðri og jafnvel þökuleggja, til að ummerki hverfi svo fljótt sem auðið er.

Með umsókninni fylgdi afrit af leyfi landeigenda, þ.e. Ríkiseigna, og afstöðumynd af vatnsbóli og veiðiheimilinu Hofi.

Áhrifamat

Ljóst er að lögnin er að einhverju leyti leidd um óraskað heiðarland og mun fela í sér tímabundið rask á gróðri sem ætla má að jafni sig á tveimur til þremur árum.

Umhverfisstofnun leitaði umsagna NÍ og RAMÝ í samræmi við ákvæði 17 gr. reglugerðar nr. 665/2012. Ekki voru gerðar athugasemdir við framkvæmdina að því gefnu að raski verði haldið í lágmarki og að lagnaleið verði að mestu valinn staður þar sem umhverfi hefur þegar verið raskað t.d. meðfram vegum.

Framkvæmdaraðili hefur heitið góðum frágangi til að lágmarka rask á gróðurþekju til lengri tíma.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun veitir, fyrir sitt leyti, leyfi til ofangreindra framkvæmda í friðlandinu við Mývatn og Laxá með eftirtöldum skilyrðum.

- Lágmarka skal rask á áður óröskuðu landi eins og kostur er í samræmi við umsagnir.
- Afmá skal ummerki framkvæmdarinnar eins og mögulegt er að framkvæmdum loknum.
- Fara skal að þeim reglum sem mælt er fyrir um í lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu og reglugerð nr. 665/2012. Jafnframt sé farið eftir þeim viðmiðum sem sett eru fram í verndaráætlun Mývatns og Laxár.
- Umhverfisstofnun skal upplýst um upphaf og lok framkvæmda.
- Umhverfisstofnun skal upplýst um öll frávik sem kunna að verða frá ofangreindri lýsingu framkvæmda.


Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi til framkvæmda og vegna starfsemi þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum, sbr. 2. mgr. 40. gr. náttúruverndarlaga, nr. 60/2013. Gjaldið er kr. 39.400- fyrir leyfi til starfsemi og framkvæmda, sbr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar, nr. 535/2015.


Leyfið er útgefið með vísan í lög nr. 97/2004, umsækjandi er ábyrgur fyrir öflun annarra tilskilinna leyfa áður en framkvæmdir hefjast.

Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmdum og frágani og er eftirlitsgjald innheimt samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar kr. 13.200.- á klukkustund. Eftirlit getur orðið allt að tvær klukkustundir.

Virðingarfyllst


Davíð Örvar Hansson
Sérfræðingur


Gunnlaug H. Einarsdóttir
Sviðsstjóri